

314. fundur

Mánudaginn 4. maí 2026, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í atvinnuvegaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, ATRN og Hálfðán Óskarsson, áheyrnarfulltrúi..

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Sérstök umræða um lágmarksverð og verðlagningu skv. verðlagsgrundvelli kúabús

Sérstök umræða var haldin um verðlagsgrundvöll kúabús og erindi BÍ um mismun á reiknuðum framleiðslukostnaði og afurðatekjum. Á undanförunum fundum verðlagsnefndar hefur málið verið til umræðu. Ákveðið hafði verið að málið þyrfti sérstaka umræðu með ákveðnar upplýsingar til hliðsjónar, m.a. um sögulega þróun verðlagningar, þróun stuðnings, framleiðni mjólkurbúa o.s.fr.. Fulltrúar BÍ hafa bent á að miklu muni á framleiðslukostnaði verðlagsgrundvallar og lágmarksverði mjólkur að viðbættum ríkisstuðningi við mjólkurframleiðslu. Farið var yfir greiningar á þróun lágmarksverðs mjólkur frá 2001 (þegar eldri verðlagsgrundvöllur tók gildi), m.t.t. þróunar á stuðningi á hvern framleiddan mjólkurlitra, framleiðslumagns, fjölda framleiðenda og hvernig samsett afurðaverð ársins 2001 (lágmarksverð og beingreiðslur) hefði þróast ef umgjörð verðlagningar og stuðningsfyrirkomulag hefði verið óbreytt og það fylgt þróun verðlagsgrundvallar. Yfirferðin leiddi í ljós að lágmarksverð hefur nokkurn veginn fylgt takti hlutfallslegra breytinga verðlagsgrundvallar en stuðningur á hvern lítra hefur dregist saman. Í því sambandi má þó hafa í huga að talsverð hagræðing og framleiðniaukning hefur átt sér stað á tímabilinu. Að loknum umræðum voru nefndarmenn sammála um að málið væri þannig vaxið að það þyrfti að taka fyrir á breiðari vettvangi og að æskilegt væri að stjórnvöld kæmu að málinu. Nefndin var sammála um að ekki væri skynsamlegt að leysa málið eingöngu með verkfærum verðlagsnefndar. Málið lítur ekki síður að stuðningsumhverfi greinarinnar og umgjörð. Bent var á að hafin væri vinna á mótun stuðningsumhverfi landbúnaðar eftir að framlengdum gildistíma búvörusamninga lýkur í árslok 2027. Málið var því tekið til efnislegrar umræðu en niðurstaðan var að verðlagsnefnd komi minnisblaði til skila til atvinnuvegaráðherra um ályktun sína ásamt upplýsingum og gögnum um málið.

2. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Farið var yfir þróun verðlagsgrundvallar kúabús marsmánaðar 2026, frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 5. febrúar sl. og byggði á verðlagi desember 2025. Kostnaðarliðir hafa hækkað um 2,47% frá desember til mars. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi frá desember til mars. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag í landinu um 2,15%. Ár hvert er reiknað með áburðarkaupum í mars og er það veigamesta skýringin fyrir mismuni verðlagsgrundvallar og vísitölu neysluverðs. Að lokinni yfirferð og umræðum var verðlagsgrundvöllur staðfestur.

3. Iðnaðarlíkan

Farið var yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 16. febrúar sl. og byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í desember. Frá desember 2025 til mars 2026 er hækunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar metin 1,89%. Að lokinni yfirferð og umræðum voru niðurstöður iðnaðarlíkansins staðfestar.

4. Verðákvörðun

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða síðustu mánuði var lögð fram tillaga um hækkun lágmarksverðs til bænda sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar frá desember til mars, um 2,47% og að almennt heildsöluverð mjólkurvara hækki um 2,19%, sem nemur veginni hækkun lágmarksverðs og hækunar vinnslu- og

dreifingarkostnaðar. Tillagan var samþykkt. Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar þann 11. maí úr 142,65 kr./ltr í 146,17 kr./ltr. Heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli hækkar um 2,41% þar sem hráefniskostnaður vegur þyngra. Heildsöluverð annarra mjólkurvara hækkar um 2,19%.

5. Önnur mál

Engin.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson